

Tillaga til ályktunar – Skattamál–

Lögð er fram tillaga að eftirfarandi ályktun til stjórnvalda og alþingi:

Í ljósi efnahagsástandsins og fjárhagsþrengingar skorar ársþing KSÍ á stjórnvöld og alþingi að fella niður virðisaukaskatt og tekjuskatt af íþróttastarfsemi.

Greinargerð:

Vegna efnahagsástandsins og þeirra fjárhagsþrenginga sem hrjá mörg félög innan KSÍ er mikilvægt að sambandið vinni með félögunum að leið sem hægt er að benda á svo að starf, sérstaklega yngri flokka, leggist ekki af. Þrátt fyrir þrengingar verða stjórnvöld að sýna þessu mikilvæga starfi skilning. Stórir styrktaraðilar sjá sér ekki fært að standa við gefna samninga og allt starfið er í húfi.

Afturelding